




NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Fornleifakönnun vegna breytinga á þjóðveginum um Djúp í Hestfirði, Seyðisfirði og Álftafirði



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 22-17
Júní 2017

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning mán/ár: Júní 2017
		Dreifing: <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: NV nr. 22-17	Verknúmer: 469	
Heiti skýrslu: Fornleifakönnun vegna breytinga á þjóðveginum um Djúp í Hestfirði, Seyðisfirði og í Álftafirði		Blaðsíður: 56
Höfundur: Margrét Hallmundsdóttir		Fjöldi viðauka: 0
Unnið fyrir: Vegagerðina		Upplag: 7
Verkefnastjóri: Margrét Hallmundsdóttir		Fjöldi korta: 7
Gerð skýrslu/Verkstig: Lokaeintak		
Samstarfsaðilar: Vegagerðin		
Lykilorð íslensk: Fornleifar, vegagerð, Djúp, Hestfjörður, Seyðisfjörður, Álftafjörður		Lykilorð ensk: Archaeology,
Undirskrift verkefnastjóra:		Yfirfarið af: Nancy Bechtloff, Hulda Birna Albertsdóttir

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	4
MARKMIÐ OG AÐFERÐIR	4
Tilgangur fornleifaskráninga	4
AÐFERÐAFRÆÐI	5
SKRÁ YFIR FORNLEIFAR Á DEILISKIPULAGSSVÆÐI	6
Eiði	7
Saga	7
Fjarðarhorn	8
Saga	8
Kleifar í Seyðisfirði	9
Saga	9
Hvalveiðistöðin á Uppsalaeyri	21
Saga	21
Minni Hattardalur	38
Saga	38
UMRÆÐUR/NIÐURSTÖÐUR	46
KORT 1	50
KORT 2	51
KORT 3	52
KORT 4	53
KORT 5	54
KORT 6	55
HEIMILDASKRÁ	56

INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun vegna breytinga á Þjóðveginum um Djúp um Seyðisfjörð og Álftafjörð. Á stærstum hluta leiðarinnar er um að ræða breikkun á núverandi vegi en á öðrum nýtt vegstæði. Skoðað var 100 m svæði sitt hvoru megin við fyrirhugað vegstæði.

Veglínan liggur í gegnum fjórar jarðir Eiði, Kleifar og Uppsali í Seyðisfirði og svo um Minni Hattardal í Álftafirði. Einnig fer vegurinn yfir svæði þar sem áður stóð Hvalveiðistöð Norðmanna á svokallaðri Uppsalaeyri í landi Uppsala í Seyðisfirði.

Rannsóknin fór fram dagana 28. og 29. apríl 2017 og hana annaðist Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur, aðstoðarmaður var Guðmundur Birgir Smáráson. Skýrslugerð annaðist Margrét Hallmundsdóttir og kortavinnu Hulda Birna Albertsdóttir.

MARKMIÐ OG AÐFERÐIR

Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna“.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum,

klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

SKRÁ YFIR FORNLEIFAR Á DEILISKIPULAGSSVÆÐI

Númerin eru fengin frá kortasjá Minjastofnunar Íslands. Hvert verkefni er afmarkað og hlýtur sérstakt númer sem í þessu tilfalli er númerið **1862**. Sjá má afmörkun þess svæðis sem skráð var inn á kortasjá Minjastofnunar <https://www.map.is/minjastofnun/> . Hver fornleif hlýtur síðan hlaupandanúmer dæmi: *verkefnanúmer 1862-1*.

Eldra númer: er númer skráningar sem þegar hefur farið fram á hluta svæðisins en það var rannsóknin

„Hvalveiðar Norðmanna við Vestfirði á 19. öld“. Uppsalaeyri var skráð sem hluti af þeirri rannsókn og eru bæði númer höfð með ef um sömu minjar er að ræða.

Eiði

Saga

Ekki er vitað hvenær jörðin Eyði byggðist fyrst. Jörðin stendur á granda þeim eða eiði sem jörðin ber nafn af og liggur á milli Hestfjarðar og Seyðisfjarðar. Eiði var fyrrum eitt af kotum Eyrarkirkju í Seyðisfirði og segir svo um það í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín árið 1710. „Leigukúgildi 2 nú og um næstliðið ár, áður 3. Leigur betralast í smjöri heim til staðarins. Kvaðir öngvar nú sem stendur, áður skipsróður um vertíð sem galrst oftast in natura. Fóðrast kann 2 kýr , 6 ær og 3 sauður. Skógur til kolagjörðar og eldiviðar nægur. Torfrista og stunga lök, grastekja lítil: Berjalestur nægur fyrir heimamen. Heimræði hefur hér sjaldan brúkast þó landið liggir til sjávar, hér er þó lending góð en langræði ærið og gengur hér nú ekkert skip¹“.

1869-1

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/Rétt

Staðsetning: A322580 N 613012

Staðhættir: Austanmegin við þjóðveginn sem liggur milli Hestfjarðar og Seyðisfjarðar er tún bæjarins Eiði. Rétt utan við túngarðinn er ógreinileg hringlaga tóft.

Minjalýsing: Tóftin er hringlaga og eru hleðslur lágar og sjást illa. Rústin er opin til suðvesturs og er 10 m á breidd og 10 m á lengd. Hleðslur eru grónar og eru um 20 cm. Líklega er um aðhald að ræða.

Hættumat: Mikill hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.



Mynd 1. Hringlaga tóft rétt utan við túngarðinn.

¹ Jarðabók Árna og Páls.1945:186.

² Örnefnaskrá Fjarðarhorns.

³ Diplomatarium Islandicum III., bls. 211

1869-2**Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A 322735 N 613159

Staðhættir: Bærinn Eiði stendur á eiði milli Hestfjarðar og Seyðisfjarðar. Utan um tún bæjarins liggur túngarður sem er mikið til gróinn en er þó enn greinanlegur. Á túnakorti frá 1920 er hann teiknaður og þar sést að túnið hefur verið stækkað og er það kallað nýrækt.



Mynd 2. Túngarður á Eiði.

Minjalýsing: Í dag er garðurinn merkjanlegur á 317 m kafla. Líklega hefur hann verið um 770 metrar upphaflega. Túnið er skrá 2,8 ha árið 1920. Garðurinn var torfhlaðinn og hæstur um 40-50 cm og grasi gróinn. Breidd hans er um 1 m.

Hættumat: Mikill hætta.**Tillaga að mótvægisáðgerðum:** Merkja.

Fjarðarhorn

Saga

Fjarðarhorn á sér ekki langa sögu en það er talið hafa byggst árið 1850. Fjarðarhorn var fyrst þurrabúð. Ari Benjamínsson girti af blett í Fjarðarhorni og heyjaði og hafði kú og nokkrar kindur og stundaði sjó eins og títt var. Hann byggði líka fjárhús, fjós og hlöðu og líklega brunnhús yfir ytri lækinn. Inngangur á bænum var svo lágur að fullorðnir urðu að beygja sig en með burstalagi. Hægra megin var eldhús og baðstofa með burstum í vesturátt. Fyrir framan norðurglugga nýju baðstofunnar var kálgarður og hlaðinn veggur til skjóls og þar fyrir neðan bátalending. Ari Benjamínsson hætti að búa í Fjarðarhorni um fyrra stríð og tók með sér öll mannvirki nema rústirnar. Þá var hætt að búa í Fjarðarhorni og það nytjað frá Kleifum².

² Örnefnaskrá Fjarðarhorns.

1869-3**Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A 322232 N 613449**Staðhættir:** Allar minjar í Fjarðarhorni eru utan 100 metra frá veglínu nema túngarðurinn. Í örnefnaskrá segir að Ari Benjamínsson hafi gert þennan túngarð.**Minjalýsing:** Garðurinn er 320 m á lengd. Garðurinn er grjóthlaðinn og um 1 m á hæð og 1 m á breidd.**Hættumat:** Lítil hættu.**Kleifar í Seyðisfirði****Saga**

Heimildir eru um Kleifa í Seyðisfirði frá árinu 1367. „Úrskurðr Snorra kyngis Þorleifssonar officialis Skálholtskirkju um að allir búfastir menn, þeir er af landi hafa milli Ísafjarðarár og Kleifa í Seyðisfirði, sé samkvæmt málaldaga kirkjunnar í Vatnsfirði skyldir að all henni lamb eða gefa ella³“. Kleifar hafa að öllum líkindum byggst nokkuð snemma. Í jarðabók Árna og Páls segir um Kleifa. Jörðin var árið 1710, 12 hundraða jörð og var eigandinn Magnús Jónson á kirkjustaðnum Eyri. Leigur betalast í smjöri heim til landsdrottins. Jörðin fóðrar tvær kýr 20 kindur⁴. Árið 1854 eru kleifar enn 12 hundraða jörð⁵.

1869-4**Hlutverk:** Býli**Tegund:** Bæjarhóll**Staðsetning:** A 321544 N 613694**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir Lea Eggertsdóttir sem fædd var árið 1910 og bjó á Kleifum til ársins 1922 að

Mynd 3. Þar sem hjólhýsið stendur var áður bæjarhóll Kleifa.


³ Diplomatarium Islandicum III., bls. 211

⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1945:183

⁵ Sýslu og Sóknarlýsingar Vestfjarða II. 1952:133

bæjarhóllinn hafi áður fyrir aldamótin 1900 staðið neðar en húsin stóðu síðast⁶.

Minjalýsing: Þessi lýsing passar því neðan við þar sem síðustu íbúðarhúsin á Kleifum stóðu er hóll sem er greinilega bæjarhóll. Hleðslur eru á hólnum sem líklega eru hluti af kálgarði sem hefur staðið þar og enn vex þar rabarbari. Ekki sjást mikil merki eftir hús á hólnum en þar stendur nú hjólhýsi sem pallur hefur verið byggður í kring um. Eitthvað að hleðslunum gæti verið leifar af húsum. En hóllinn ber þess greinileg merki að vera bæjarhóll. Hleðslurnar sem standa á gamla bæjarhólnum eru um 120 cm á hæð og um 1 m á breidd og eru ógrónar. Hleðslurnar mynda hálfhring og hafa verið hluti af mannvirkjum á hólnum og síðar notaðar sem kálgarður. Hluti af hleðslunum er örugglega kálgarður frá þeim tíma sem bærinn stóð þarna og var síðan notaður áfram.



Teikning 1. Kálgarðurinn og hlehslur á gamla bæjarhól Kleifa.

Hættumat: Lítil hættu.

1869-5


Hlutverk: Býli/bær

Tegund: Hús/rúst

Staðsetning: A 321452 N 613689

Staðhættir: Ofan við gamla bæjarhóllinn á Kleifum stendur veglegt íbúðarhús sem var það síðasta sem búið var í á Kleifum sem fór í eyði um miðjan áttunda áratuginn. Húsið stendur enn að hluta en er að falla saman. Kleifar standa vestanmegin í Seyðisfirði og um 158 m frá Vestfjarðarvegi. Jörðin er vegleg, upphlaðinn vegur sem kallaður er sjávargata liggur upp að bæjarstæðinu.

Minjalýsing: Íbúðarhúsið er tveggja hæða, með risi og kjallara. Af íbúðarhúsinu stendur aðeins helmingur þess eftir sem er timburhús klætt bárujárnni með risþaki.



Teikning 2. Íbúðarhús á Kleifum.

⁶ Örnefnaskrá Kleifar

Norðanmegin við uppistandandi hluta hússins stendur vel hlaðinn veggur og inn í rústum þess hluta sem hrúnin er var að sjá fallega hlaðinn múrsteinsstromp. Engar hurðar eru til staðar og gluggar eru ekki glerjaðir en hægt var að sjá steiptan inngang þó útidyrhurðina hafi vantað.

Hættumat: Lítil hættu

1869-6

Hlutverk: Fjós

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 321465 N 613639

Staðhættir: Við hliðina á fallandi rústum bæjarins á Kleifum eru leifar af fjósi, hlöðu og súrheysgryfju.

Minjalýsing: Fjósið er hlaðið úr grjóti og er það fest saman


með steypu. Það gerir það að verkum að húsið stendur enn mjög vel og eru veggir á mörgum stöðum yfir 2 m á hæð. Gólfíð í fjósinu hefur verið steipt. Veggir eru um 1 m á þykkt og hæstir um 2 m á hæð.

Húsið er meira hrúnið að aftan en veggir eru nær því heilir að framan. Rústin er þrjú hólf, fjós, hlaða og súrheysgryfja. Byggingarlag útihúsanna á Kleifum er sérstakt þar sem þau eru hlaðin og steypa sett á milli. Steinsmiðir sem unnu við byggingar húsa á Uppsalaeyri notuðu sömu tækni við grunna þar. Annað hvort hafa þeir menn verið fengnir til þess að hlaða þessi hús eða ábúendur lært þessa tækni af hinum erlendu mönnum.

Hættumat: Lítil hættu.



Mynd 4. Tekið inn í fjósinu og út á fjörðin. Húsið stendur að hluta og þessi veggur er óhrúnin enda steypa á milli grjótsins



Teikning 3. Fjós með hlöðu og súrheysturni.

1869-7

Hlutverk: Samgöngubót


Tegund: Vegur

Staðsetning: A321465 N 613671

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir: „milli fjós og bæjar var Hlaðið, uppbyggð, breið gata⁷“.

Minjalýsing: Gatan liggur á milli húsanna og myndar snyrtilega upphlaðna götu á milli bæjarhúsa og útihúsa og meðfram bænum og út á tún. Hleðslur eru um 50 cm og lengd götunar 48 m milli húsanna en gatan nær framfyrir lengra og er alls 120 m.

Hættumat: Lítil hættu.



Mynd 5. Hlaðið, gatan sem lá frá fjósi og að bæ og framhjá bænum. Myndin er tekin frá fjósinu.

1869-8

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 321452 N 613710

Staðhættir: Á túnakorti sem teiknað var árið 1920 er teiknað lítið hús við hliðina á bænum. Þar má í dag greina grunn af húsi.

Minjalýsing: Grunnurinn er grjóthlaðinn og um 20 cm á hæð. Hleðslan er 5 m á breidd og 5 m á lengd.

Hættumat: Lítil hættu.

⁷ Örnefnaskrá Kleifar

1869-9

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Vegur

Staðsetning: A 321507 N 613760

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir „Frá bænum lág Sjávangata til sjávar. Innan hennar var túnið en utan við hana var innra túnið“⁸.



Mynd 6. Hestur stendur á upphlöðnum vegi sem heitir Sjávangata í baksýn er fjallið Hestur.

Minjalýsing: Gatan liggur skáhalt upp brekku þar sem síðustu íbúðarhúsin eru og hefur verið heimreiðin heim að húsinu frá sjó. Gatan er mikið mannvirki, upphlaðinn vegur og er hann nægilega breiður fyrir vagna. Hleðslur eru um 40 cm. Breidd vegsins er um tveir metrar og lengd 110 m.

Hættumat: Lítil hættu.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-10

Hlutverk: Nátthagi

Tegund: Rétt


Staðsetning: A 321417 N 613599

Staðhættir: Rétt utan við túngarðinn ofan við fjósið er hlaðin rétt sem notuð hefur verið sem nátthagi. Í örnefnaskrá segir: „Þar uppi af Móar og Nátthagar meðfram girðingunni upp af Bugðum.“



Mynd 7. Réttin sem er líklega Nátthaginn sem getið er um í örnefnaskrá.

Minjalýsing: Nátthaginn er grjóthlaðinn og er 13 m á lengd og 10 m á beidd. Hæð hleðsla er 1,20 m og er nátthaginn opinn til suðurs. Lækur rennur í gegnum réttina og virðist sem að hann hafi verið leiddur þangað inn til að brynna dýrum.



Teikning 4. Nátthaginn.

⁸ Örnefnaskrá Kleifa.

1869-11**Hlutverk:** Útihús/ hesthús**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 321560 N 613633


Staðhættir: Í Örnefnaskrá segir „nær fjarðarbotninum var venjulega talað um Hesthúspart því að þar var hesthúsið“⁹.

Minjalýsing: Tvær rústir eru á Hesthúsaparti. Stærri rústin er tvö hólf. Hleðslur eru nokkuð hrundar. Veggir

eru um 1,5 m á breidd og 1,3 m á hæð. Rústin er 9 m á breidd og 9 m á lengd og er opin til austurs. Rústin er tvö hólf og hefur verið innangengt á milli þeirra en nú er alveg hrunið fyrir opið á milli hólfanna.

Hættumat: Lítil hætta.

Mynd 8. Rúst sem líklega er af hesthúsi sem getið er í örnefnaskrá.



Teikning 5. Fjárhúsið.

⁹ Örnefnaskrá Kleifa.

1869-12

Hlutverk: Útihús/smiðja ?

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 321543 N 613631



Staðhættir: Í Örnefnaskrá segir: „nær fjarðarbotninum var venjulega talað um Hesthúspart því að þar var hesthúsið.“ Í annarri örnefnaskrá segir: „Aðrar tóttir eru í Hesthúsatúni, sennilega af smiðju vegna þess að þar fann einhver bóndi á Kleifum lúinn stein“¹⁰.



Mynd 9. Rústin sem líklega er af smiðjuni sem getið er í örnefnaskrá.

Minjalýsing: Tvær rústir eru á Hesthúsaparti. Minni rústin er ofan við þá stærri [11] Hleðslur eru grónar en þó sér í hleðslur. Húsið er opið út í átt til fjarðar og eru hleðslur um 1 m á hæð. Húsið er 8 m á lengd og 5 metrar á breidd og er opið til austurs.

Hættumat: Lítil hætta.



1869-13

Hlutverk: Útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning: A321433 N 613867

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir: „utan Sjávangötunar var talað um Ytratún. Þar voru peningshúsin á dreif og hétu:Hrútakofi, lambhús og gimbrakofi með hlöðu á milli og Sigurðarhús næst sjónum uppi á bretttri brekku“¹¹.




Mynd 10. Rúst [13].

¹⁰ Örnefnaskrá Kleifa

¹¹ Örnefnaskrá Kleifa

Minjalýsing: Ein rústin er fjögur hólf með hlöðu aftan við. Mögulegt er að hér sé um að ræða hrútakofi, lambhús og gimbrakofi sem nefnd eru í örnefnaskrá. Rústin er grjóthlaðin og nokkuð hrunin þó eru enn óhrundir veggir sem eru hæstir um 1,20 m á hæð. Rústin er 16 m á breidd og 16 m á lengd. Veggir eru um 1 m á breidd.

Hættumat: Lítil hætta.



Teikning 7. Fjárhúsin á Ytra túni.

1869-14

Hlutverk: Útihús/fjárhús

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 321458 N 613816

Staðhættir: Á ytra túni um 110 m norður af bænum er útihús.

Minjalýsing: Húsið er frekar stórt og er það grjóthlaðið og steipt á milli. Þetta hefur verið fjárhús því í því er að finna steipt fjárbað. Húsið er 21 m á lengd og 14 m á breidd. Breidd veggja er 1 m og hæstir eru þeir um 50 cm. Húsið er teiknað á túnakort frá 1920 og sést að það er í notkun á ljósmynd í eigu Þjóðminjasafnsins frá árinu 1913¹².

Hættumat: Lítil hætta.



Mynd 11. Mikill átroðningur hesta er á minjunum. Hér eru þeir í útihúsinu.

¹² Sarpur.is/ ljósmyndir/ Seyðisfjörður

1869-15

Hlutverk: Óþekkt**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A321510 N 613865


Staðhættir: Í örnefnaskrá segir: „í túninu eru Sigurðarhúsatóftir við sjóinn“¹³. Þetta getur aðeins átt við neðstu rústina í túninu sem að öllum líkindum er umrædd tóft. Tóftin er 53 m neðan við fjárhúsið [14].



Mynd 12. Rústin sem er líklega Sigurðarhúsatóftir sem lýst er í örnefnaskrá.

Á ljósmynd sem tekin var árið 1913 má sjá að þetta hús stendur í túninu og virðist vera í notkun og þar má greina tvær rústir.

Minjalýsing: Rústin er eitt stórt hólfi sem opið er til suðurs. Við hliðina er eitt lítið hólfi. Rústin er gróin og veggirnir lágir. Rústin er 18 m á breidd og 16 m á lengd. Veggir eru nokkuð útflettir og eru breiðastir um 4 m. Hæð veggja er um 30 cm.


Hættumat: Lítil hætta.**Tillaga að mótvægisáðgerðum:** Merkja.

Teikning 8. Útihúsin.

¹³ Örnefnaskrá Kleifa.

1869-16**Hlutverk:** Óþekkt/naust**Tegund:** Niðurgröftur/hleðsla**Staðsetning:** A 321588 N 613850

Staðhættir: Í örnefnaskrá segi: „í landi Kleifa eru víða tóttir svo sem á Naustanesi¹⁴“. Í annarri örnefnaskrá segir: „meðfram sjónum liggur gata út með firðinum fyrir neðan svonefnda Bakka sem ná út að Naustanesi. Tóftirnar á Naustnesi hafa fengið náð fyrir augum vegagerðar-manna Sennilega af tilviljun“¹⁵. Naustið er fyrir neðan þjóðveginn og alveg fast við hann.



Teikning 9. Rúst naustanna er fyrir miðju á teikningunni.

Minjalýsing: Naustið er tvö hólf og er annað mun greinilegra. Lengd þess er 7 m og breidd þess er 2 m. Sér í hleðslur.

Hættumat: Mikil hætta. Fer undir vegskeringar.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Grafa þarf skurði til að kanna eðli og umfang og eða uppgröft.

1869-17**Hlutverk:** Óþekkt/sjóbúð**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 321578 N 613870

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan hana heita Bakkar sem ná út að Naustanesi en það skagar svolítið fram í sjóinn. Á því eru tóftir sem eru leifar af verbúðum“¹⁶. Meðfram sjónum liggur gata út með firðinum fyrir neðan svonefnda Bakka sem ná út að Naustanesi. Um 32 m suður af Naustunum er rúst.

Hættumat: Mikil hætta. Fer undir vegskeringar.

¹⁴ Örnefnaskrá Kleifa

¹⁵ Örnefnaskrá Kleifa II

¹⁶ Örnefnaskrá Kleifa

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Grafa þarf skurði til að kanna eðli og umfang og eða uppgröft.

Framan við hana er ekki rudd vör eins og er fyrir framan naustin. Gæti það bent til að rústin sé sjóbúð.

Minjalýsing: Rústin er grafin niður í bakkann og sér í hleðslur sem eru farnar að gróa. Nærri rústinni er stór steinn. Annar veggur rústarinnar er greinilegur enn gafl og hinn langveggurinn er ógreinilegri.

1869-18

Hlutverk: Óþekkt/sjóbúð?

Tegund: Rústabunga

Staðsetning: A 321580 N 613861

Staðhættir: Neðan við Þjóðveginn, rétt við þar sem innkeyrsla að Kleifum er má sjá hól sem mögulega er rústabunga.

Minjalýsing: Bungan er grænni en umhverfið í kring og í henni má greina dæld og sér í stöku stein. Líklegt er að eitthvað mannvirki hafi staðið þarna.

Hættumat: Mikil hættu. Fer undir vegskeringar.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Grafa þarf skurði til að kanna eðli og umfang og eða uppgröft.

1869-19

Hlutverk: Vör

Tegund: Rudd lending

Staðsetning: A 321608 N 613865

Staðhættir: Framan við naustin á Naustatanga niður undan bænum Kleif eru tvær ruddar varir hlið við hlið.

Minjalýsing: Grjót hefur verið tekið úr sjávarmálinu til að auðvelda aðkomu lítilla báta að ströndinni.

Hættumat: Lítil hættu.

1869-20

Hlutverk: Vör

Tegund: Rudd lending

Staðsetning: A 321608 N 613857

Staðhættir: Framan við naustin á Naustatanga niður undan bænum Kleifum eru tvær ruddar varir.

Minjalýsing: Grjót hefur verið tekið úr sjávarmálinu til að auðvelda aðkomu lítilla báta að ströndinni.

Hættumat: Lítil hættu.

1869-21

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 321442 N 613886

Staðhættir: Á þrjá vegu í kring um túnið á Kleifum er grjóthlaðinn túngarður.

Minjalýsing: Garðurinn sést misvel. Sumstaðar er hann yfir 1 m á hæð og á öðrum stöðum er hann aðeins greinilegur á loftmyndum. Garðurinn er greinilegastur frá Þjóðvegi og upp í átt að fjalli og aftan við íbúðarhús og svo stefnir hann niður aftur í átt að vegi.

Hættumat: Hættu.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja enda garðsins næst framkvæmdasvæði.

1869-22

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Heimild um veg

Staðsetning: A 321033 N 615524

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir: „Meðfram sjónum liggur gata út með firði og fyrir ofan hana heita Bakkar“¹⁷.

Minjalýsing: Gata þessi er horfin að stórum hluta undir núverandi þjóðveg en sést víða annarstaðar í firðinum alveg niður við sjó.

Hættumat: Mikil hætta. Á mörgum stöðum er þessi gamli vegur sjáanlegur neðan við núverandi þjóðveg.

Tillaga að mótvægisaðgerðum: Leyfi til að hylja.



Teikning 10. Staðsetning minja nr 1869-22 og fyrirhuguð veglína við vegstöð 14400.

Hvalveiðistöðin á Uppsalaeyri

Saga

Hvalveiðifélag var sett á stofn á Uppsalaeyri í landi Uppsala í Seyðisfirði árið 1884. Það var svo þremur árum síðar að hið dansk-íslenska Hvalveiðifélag með Ásgeir Ásgeirssyni kaupmanni sem framkvæmdarstóra tók til starfa¹⁸. Ásgeir þessi byggði sér skemmti eða sumarhús ofan við hvalsstöðina árið 1897¹⁹, má sjá grunn þess hús þar enn í dag. Hvalveiðistöðin á Uppsalaeyri var byggð upp af norðmönnum sem reistu fyrst hvalveiðistöðvar á árunum 1883-1915²⁰.

¹⁷ Örnefnaskrá Kleifar

¹⁸ Ragnar Edvardsson Gylfi Björn Helgason og Alexandra Tyas. 2015:4

¹⁹ Uppsalar. Örnefni sagnir og landlýsing eftir sögn Kristjáns Rögnvaldssonar

²⁰ Ragnar Edvardsson Gylfi Björn Helgason og Alexandra. Tyas. 2015:4

1869-23

Eldra númer: UPE-2126995-02

Hlutverk: Hús

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 320964 N 616262

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir: „Rétt fyrir ofan gljúfrin, áður

en áin beygist er lítil eyri vestan megin við ána, er nefnist Prautaoddi. Þar er vað á ánni, sem getur orðið vatnsmikil og ill

yfirferða um stundarsakir, þegar leysing er mikil og úrkoma svo sem jafnan er venja um dragár. Á

eyrinni ofan gljúfranna byggði Ásgeir „gróssri“ sér skemmti eða sumarhús í kring um 1897 að því er ég

hygg. Húsið var byggt úr höggnum grásteini og voru steinsmiðirnir sænskir. Á þeim árum var nýreist

hvalstöð á svonefndri Uppsalaeyri sem er niður

við sjóinn skammt frá innan árósinn. Það mun hafa

verið hlutafélag og var Ásgeir einn af

hluthöfunum. Stöð þessi var búin fullkomnu,

tækjum til hvalskruða og bræðslu, húsum,

bryggjum og bátum. Hvalabátar stöðvarinnar voru

3, um 70-80 lestir hver og hétu, Hovgård, Nansen

og Nordenskjöld. Þeir voru teknir á land á haustin,

að hvalveiðum loknum og settir í slipp á stórum sleðum. Tveir til þrjár vélamenn og járnsmiðir, sem

yfirleitt munu hafa verið norðmenn, dvöldu í húsunum yfir veturinn til viðgerða og eftirlits á vélum og

öllum búnaði.

Allir húsgrunnar á eyrinni voru byggðir úr tilhöggnum grágrýti eins og fyrrnefnt sumarhús, þó að

húsin sjálf hafi verið úr timbri að öðru leyti. Steinhögg það og steinsmíði sem til alla þessa

þurfti önnuðust sænskir steinsmiðir eins og fyrr getur, en þeir dvöldu þar aðeins yfir

sumartímann. Framkvæmdastjóri stöðvarinnar mun hafa verið danskur eða dansk-norskur og

hét Stigsrud. Sagt er að oft hafi verið glatt á hjalla upp í sumarhúsi Ásgeirs „gróssera“ þegar


hann kom í heimsókn þangað. Mun þá drjúgum hafa verið sopið af „grósseranum“ og gestum

hans, enda var vándrykkja þá mjög almenn og engar hömlur á innflutningi vínfanga. Einhvern

tímann á þessum árum var íslensk ráðskona hjá hvalveiðimönnum að nafni Pálína. Annars



Mynd 13. Mynd af grunni hús sem var sumarhús Ásgeirs kaupmanns frá Ísafirði.



Teikning 11. Grunnarnir tveir [23] og [24].

er ekki vitað mikið um íslent starfsfólk við þessar „stassjónir“ sem almenningur svo nefndi, en þó oftast eitthvað og var þá talað hrognamál sem hvorki var norska eða íslenska, en ýmsir þar nærlendis lærðu þó að tala skiljanlegan norskubending. Þegar íslenzku ráðskonunni var boðið í partý upp í sumarhúsinu, sem stundum kom fyrir er mælt að norðmennirnir hafi talað um „að skola uppá frúna“ þ.e. skál við frúnna“. Í annarri örnefnaskrá segir að húsið hafi verið flutt síðar til Ísafjarðar og reist þar. Þetta hús var sérstaklega fallegt bæði að innan sem utan, vel hirt og skemmtilegt. Hliðið heim að húsinu var gert úr hvalkjálkum sem reistir voru upp fyrir ofan stóð orðið velkomin- gert úr rifjum úr hvalkálfi. Þetta er hvort tveggja varðveitt á Ísafirði, stafirnir í byggðasafninu og kjálkarnir mynda hlið að skrudgarði bæjarins“.²¹

Minjalýsing: Grunnur þessa sumarhús sem fjallað er um í textanum hér að ofan er rétt ofan við þjóðavegin eða um 8 metra. Hleðslurnar eru ferhyrndar og er hluti þeirra lægri. Greinilegt er að hér er um tilhöggið grjót er að ræða og er ólíkt því þeim hleðslum sem algengar eru á Íslandi. Í miðri rústinni er kassalaga hleðsla sem gæti hafa verið strompur frá eldstæði. Steypa hefur verið sett á milli steinana til að halda þeim saman. Nær öruggt er að um er að ræða sumarhús það sem kemur fram í textanum hér að ofan. Stærð hins hlaðna grunns er 11 m á lengd og 11 m á breidd. Hæstar eru þær um 50 cm. Húsið sem byggt hefur verið á grunninum hefur verið úr timbri. Mögulegt er að hleðslan sem er fyrir neðan sé hluti af garði framan við húsið. Húsið var síðar flutt á Ísafjörð þar sem það var sett niður á Túngötu 17 og kallað Rauða húsið.

Hættumat: Mikil hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

²¹ Uppsálar. Örnefni sagnir og landlýsing eftir sögn Kristjáns Rögnvaldssonar frá Uppsölum.



Mynd 14. Hvalbeinin sem stóðu við Hús Ásgeirs á Uppsalaeyri voru flutt á Ísafjörð eins og húsið og sett upp í skrudgarði bæjarins þar sem þessi mynd er tekin af þeim.

1869-24

Eldra númer: UPE-2126995-03

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hlaðinn grunnur

Staðsetning: A 320948 N 616152

Staðhættir: Um 11 m vestur af grunni sumarhússins er hlaðinn grunnur af öðru húsi.

Minjalýsing: Grunnurinn er alveg eins og grunnur sumarhússins, hlaðinn úr tilhöggnu grágrýti og steypa sett á milli. Líklega er húsið tengt sumarhúsinu mögulega geymsla eða þess háttar. Grunnurinn eða hleðslan er 8 m á lengd og 5 m á breidd. Hleðslur standa um 30 cm upp úr sverði.

Hættumat: Mikil hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-25

Eldra númer: UPE-2126995-01

Hlutverk: Rétt/aðhald

Tegund: Rétt/hleðsla

Staðsetning: A 320981 N 616391


Staðhættir: Rétt við þjóðveginn þar sem hann liggur yfir



Uppsalaá, norðan megin á árbakkanum er grjóthlaðin *Mynd 15. Grjóthlaðin rétt ofan við þjóðveginn.*

rétt.

Minjalýsing: Greinilegt er að réttin er ekki í tengslum við Hvalstöðina því hleðslur hennar eru mjög dæmigerðar íslenskar hleðslur ólíkt því sem hinir sænsku steinsmiðir hlóðu. Réttin er líklega frá Uppsölum. Réttin er opin í átt að ánni til suðurs og er hlaðin úr grjóti úr árfarveginum. Hleðslur eru um 70 cm þar sem þær eru hæstar. Breidd veggja er um 1 m og réttin er 11 m á lengd og 7 m á breidd.



Teikning 12. Teikning af réttinni sem stendur við Uppsalaá.

Hættumat: Mikil hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-26

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 321070 N 616396

Staðhættir: Slóði liggur að sumarhúsi sem stendur í dag á Uppsalaeyri. Heimatilbúin brú liggur yfir lækinn sem þar rennur út að sjó. Meðfram læknum er hlaðinn varnargarður.



Mynd 16. Meðfram ánni er varnargarður en áin er mjög vatnsmikil í leysingum.

Garðurinn er nokkuð sokkin í gras en hefur greinilega verið hlaðinn til að varna vegna flóða í læknum.

Minjalýsing: Hleðslan er um 40 m á lengd norðan megin við lækinn og er um 50 cm á hæð þar sem hún er hæst.

Hættumat: Hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-27

Eldra númer: UPE-2126995-08

Hlutverk: Óþekkt/Grunnur?

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 321077 N 616395

Staðhættir: Sunnan megin við ána rétt á árbakkanum er hleðsla. Hleðslan stendur á hæð rétt eftir að komið er yfir brú sem er á slóða heim að sumarhúsinu.

Minjalýsing: Hleðslan er mjög sokkin en hægt er að greina tvær hliðar af hleðslu en hinar eru komnar á kaf í gróður. Langhliðin sem snýr að læknum er 8 m á lengd en styttri hliðin sem snýr að veginum er 4 m. Hæð er um 50 cm. Líklega er þetta hlaðinn grunnur af húsi sem hefur staðið þarna á árbakkanum.

Hættumat: Lítil hættu.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-28

Eldra númer: UPE-2126995-13

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Vegur

Staðsetning: A 321035 N 616359

Staðhættir: Neðan við núverandi þjóðveg um



Mynd 17. Grjóthleðsla í upphlöðnum vegi sem liggur neðan við núverandi þjóðveg.

Seyðisfjörð og ofan við rústir hvalstöðvarinnar er gamall upphlaðinn vegur. Greinilegt er að um er að ræða eldri veg því greina má veginn áfram inn fjörðinn.

Minjalýsing: Vegurinn er gróinn en greina má grjóthleðslur í honum á nokkrum stöðum, sérstaklega þar sem hann hefur verið lagður í mishæðir. Hleðslur eru hæstar um 1 m.

Hættumat: Mikil hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Minnka skeringar og merkja ef ekki fara að tilmælum Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir.

1869-29

Eldra númer: UPE-2126995-07

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A 321046 N 616353

Staðhættir: Um 15 m suður af læknum og 40 m neðan við núverandi þjóðveg er niðurgröftur.

Minjalýsing: Ummál þessa niðurgraftar eða holu sem greinilega er manngerð er 24 m eða 6 m á hverja hlið. Dýpt holunar er um 2 m. Hlutverk þessa niðurgraftar er ekki ljós en mjög líklegt að hún tengist eitthvað starfsemi hvalstöðvarinnar.

Hættumat: Hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-30

Eldra númer: UPE-2126995-07

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A 321054 N 616377



Mynd 18. Manngerður niðurgröftur líklega hluti af umsvifum hvalveiðistöðvarinnar.

Staðhættir: Um 7 m norð-austur af stærri niðurgreftrinum er annar minni.

Minjalýsing: Sú hola er 2 m á hverja hlið. Tilgangur óviss en tengist örugglega hvalveiðistöðinni.

Hættumat: Hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-31

Eldra númer: UPE-2126995-06

Hlutverk: Grunnur

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 321051 N 616352

Staðhættir: Um 50 m austur af sumarbústað sem stendur á Uppsalaeyri er hlaðinn grunnur af húsi. Á ljósmynd sem til er af hvalveiðistöðinni má sjá að þarna stóð frekar stórt hús sem snýr eins og grunnurinn. Húsið er frekar háreist og hefur 3 strompa.

Minjalýsing. Grunnurinn sem hefur verið undir þessu húsi er hlaðinn úr grjóti og steypa sett á milli. Framhliðin er mjög greinileg og eru hleðslur hæstar þar um 1,20 m. Tvær djúpar holur eru innan grunnsins sem hafa líklega verið tvö herbergi i kjallara hússins. Grunnurinn er 22 m á lengd og 8 m á breidd. Aftan við má greina þriðju holuna sem gæti hafa tilheyrt þessari byggingu.

Hættumat: Mikil hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.



Mynd 19. Hlaðinn grunnur af húsi sem stóð beint á móti bræðslunni.



Mynd 20. Gömul ljósmynd sem sýnir líklega hús [31]. Stærra húsið.

1869-32

Hlutverk: Grunnur

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A 321040 N 616335

Staðhættir: Rétt aftan við og suður af [31] er hleðsla Líklega er þetta leifar af litlu húsi sem stóð við hlið hins og sést á gamalli ljósmynd. Húsið virðist vera með hlöðnum veggjum og reistu þaki.



Mynd 21. Ljósmynd af litlu húsi [32] sem grunnurinn tilheyrir líklega.

Minjalýsing: Hleðslan sem eftir er af þessu húsi er 10 m á lengd.

Hættumat: Mikil hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-33

Eldra númer: UPE-2126995-09

Hlutverk: Hús

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 321076 N 616364

Staðhættir: Rétt norðan við [31] er grunnur af húsi sem hefur staðið í austur vestur.



Mynd 22. Hleðslur af grunni hússins.

Minjalýsing: Formið er nokkuð skýrt og sér í hleðslur þó sina og gras hylji stærstan hluta þeirra. Það sem er greinanlegt af hleðslu er 13 m lengd og 7 m á breidd. Hæð er um 30 cm.

Hættumat: Hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-34**Eldra númer:** UPE-2126995-12**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðslur**Staðsetning:** A 321079 N 616311

Staðhættir: Um 30 m frá sv horni sumarbústaðar sem stendur á Uppsalaeyri er svæði þar sem mikið vex af njóla. Þegar skráning var gerð var njólinn fallinn og hægt að greina óljósar hleðslur. Á ljósmynd sést upphækkun á þessu svæði nærri pallinum þar sem tunnur voru geymdar en ekki er hægt að greina hvað það er sem þar hefur staðið.



Mynd 23. Hleðslur í þéttri njólabreiðu. Mælt var utan um svæðið.

Minjalýsing: Þéttleiki njólaleifa er mikill á þessum stað svo ekki reyndist unnt að gera sér vel grein fyrir því hvernig hleðslur voru undir. Var svæðið því mælt að utanmáli. Ummál svæðisins er 52 m. Líklega hefur eitthvað farið þar fram sem gerði það að verkum að jarðvegur varð mjög áburðarríkur. Njóli sækir í áburðarrík svæði.

Hættumat: Hætta.**Tillaga að mótvægisáðgerðum:** Merkja.**1869-35****Hlutverk:** Pallur**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 321057 N 616319

Staðhættir: Um 35 m vestur frá sumarbústað sem stendur á Uppsalaeyri er svæði sem er slétt. Á ljósmynd af hvalstöðinni má sjá að á þessu svæði var raðað upp tunnum.

Minjalýsing: Ekkert er hægt að greina í dag nema slétt svæði. Á loftmyndum sést að jarðvegur er annar á þeim stað.

Hættumat: Hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-36

Eldra númer: UPE-2126995-11

Hlutverk: Hvalstöð

Tegund: Grunnur

Staðsetning: A 321109 N 616323

Staðhættir: Þar sem nú stendur sumarbústaður og lóð í kring um hann, stóð áður stórt hús sem líklega hefur verið bræðsla²². Grunn þessa húss eða húsa má sjá á lóð sumarbústaðar og í fjörunni.

Minjalýsing: Um er að ræða hleðslur sem hafa tilheyrt þessum húsum en þar sem lóð og síðari tíma bygging (sumarhúsið) á þessum stað aftan við húsið er stór múrsteinshlaðinn strompur sem hefur verið hluti af bræðslu sem fór fram þarna. Húsið hefur verið nokkuð stórt og náð niður í fjöruna. Svæðið sem húsið stóð á er afmarkað á korti.

Hættumat: Lítil hætta

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja

²² Ragnar Edvardsson, Gylfi Björn Helgason og Alexandra Tyas. 2015:10

1869-37**Eldra númer:** UPE-2126995-14**Hlutverk:** Bryggja**Tegund:** Hafnarmannvirki/rústir**Staðsetning:** A 321062 N 616259

Staðhættir: Á Uppsalaeyri eru hlaðin hafnarmannvirki sem voru byggð í tengslum við hvalveiðistöðina. Í tímaritinu Ísafold kemur fram árið 190: „Í aftaka veðri þann 6. janúar 1901 brotnuðu gufuskipabryggjur á öllum



Mynd 24. Hlaðnar leifar bryggju en tveir hlaðnir ranar liggja út í sjó.

hvalveiðistöðvunum í Súðavíkurbreppi: Uppsalaeyri, Langeyri og Dvergasteinseyri, og á Langeyri og Uppsalaeyri kváðu hafa farið 1000 skpd. af kolum í sjóinn á hvorum staðnum, og auk þess töluvert af við og tómum tunnum á Uppsalaeyri²³.

Minjalýsing: Í dag eru tvær grjóthlaðnar leifar af bryggju sjáanlegar á Uppsalaeyri, líklega er um að ræða undirstöður bryggjana. Hleðslurnar eru tvær og er grjótgarður á milli



Teikning 13. Uppmæling á bryggjunni á Uppsalaeyri. Örin bendir á það sem tilheyrir bryggjunni.

þeirra. Lengd mannvirkisins er 45 m með grjótgarði en hleðslurnar sem ganga út í sjó eru

14 m á lengd og 6 m á breidd, sú syðri og 12 m á lengd og 4 m á breidd sú neðri. Hæð hleðsla er um 2 m.

Hættumat: Hætta.**Tillaga að mótvægisáðgerðum:** Minnka skeringar. Merkja.

²³ Ísafold 09.02.1901

1869-38

Eldra númer: UPE-2126995-04

Hlutverk: Hús

Tegund: Hús

Staðsetning: A321043 N616252

Staðhættir: Fast við bryggjuna [37] stendur hús á steypum grunninum. Við hliðina er grunnur sem mögulega hefur verið hluti af sama húsi. Leifar af múrsteinum eru allt í kring um húsið og í grunninum við hliðina þar sem hefur staðið múrsteinshlaðið hús [39].



Mynd 25. Húsið sem stendur á grunninum er gamalt, ekki er vitað hvort það er aðflutt eða verið hluti af mannvirkjum hvalveiðistöðvarinnar.

Minjalýsing Húsið stendur á steyptri plötu og sem mögulega hefur tilheyrt húsi sem áður stóð þarna, líklegt er að húsið sem stóð þarna áður var hlaðið úr múrsteinum, en þó er öruggt að lítið hús við hliðina [39] var múrsteinshlaðið. Húsið sem nú stendur á grunninum er mögulega aðflutt en lítur út fyrir að vera nokkuð gamalt. Grunnurinn er 11 x 6 m.

Hættumat: Hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Minnka skeringar. Merkja.

1869-39**Hlutverk:** Hús**Tegund:** Grunnur**Staðsetning:** A 321040 N 616242**Staðhættir:** Við hlið hússins sem stendur við bryggjuna er

grunnur af minna húsi, það hús hefur verið á steypum grunni og hlaðið úr múrsteinum. Líklega er þar um að ræða

hús sem getið er í blaðaviðtali árið 1979 en þar segir: „Þegar vegagerðin fór með veginn inneftir tóku þeir í sundur girðinguna og túngarðinn og neita að bæta fyrir það. Niður undan bænum voru 8 handunnar bátavarir og þar var ýta sett yfir og allt eyðilagt í einu vetfangi. Á Uppsalaeyri var fallega hlaðið hús úr múrsteini og það þurftu þeir endilega að eyðileggja með því að hrinda því niður af leik“²⁴. Þetta er mjög líklegt því að í fjörunni beint framan við er mikið af múrsteinum og líklegt að húsinu hafi verið rutt út og niður í fjöru.

Minjalýsing: Í dag er aðeins grunnurinn eftir og allt í kringum um hann eru múrsteinar síðan húsinu var rutt út. Í fjörunni framan við er mikið af múrsteinum og líklegt að húsinu hafi verið rutt út í fjöruna. Grunnurinn er 5 m á lengd og 3 m á breidd.

Hættumat: Mikil hætta. Fer undir skeringar.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Minnka skeringar. Merkja.

1869-40**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Grunnur**Staðsetning:** A321030 N 616249**Staðhættir:** Um 5 m aftan við grunninn af húsi [38] sést móta fyrir grunni.

Mynd 26. Grunnur lítils húss sem hefur verið múrsteinshlaðið og var líklega rutt út um 1974 af Vegagerðinni.



Mynd 27. Leifar hússins sem rutt var út er að finna um alla fjöruna fyrir neðan.

²⁴ Þjóðviljinn 25. Febrúar 1979 „Á ég að segja þér fréttir?“

Minjalýsing Grunnurinn er frekar óljós og er gróið yfir hann. Hægt er að sjá að húsið sem þarna stóð hefur verið 5x3 m.

Hættumat: Mikil hætta. Fer undir skeringar.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Minnka skeringar. Merkja.

1869-41

Eldra númer: UPE-2126995-10

Hlutverk: Hvalstöð

Tegund: Hleðsla/grunnur

Staðsetning: A 321103 N 616365

Staðhættir: Um 20 m norður af sumarbústaðnum má sjá hlaðinn grunn. Grunnurinn er undan húsi sem stóð norðan við verksmiðjuhús hvalveiðistöðvarinnar.



Mynd 28. Grunnur eins af fjölmörgum húsum hvalveiðistöðvarinnar.

Minjalýsing

Grunnurinn er grjóthlaðinn og er 10 m á lengd og 6 m á breidd hæð hleðslanna er um 50 cm

Hættumat: Lítil hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.



Mynd 29. Örin bendir á húsið sem grunnurinn tilheyrði líklega.

1869-42**Eldra númer:** UPE-2126995-15**Hlutverk:** Samgöngubót**Tegund:** Brú, hleðsla**Staðsetning:** A 321043 N 616392

Staðhættir: Grjótdalsá rennur niður Grjótdal og niður Uppsalaeyrina og út í sjó. Í örnefnaskrá segir „Rétt fyrir ofan gljúfrin áður en áin beygist er lítill eyri vesta megin við ána er nefnist Þrautaoddi. Þar er vað á ánni sem getur orðið vatnsmikil og ill yfirferðar um stundarsakir, þegar leysing er mikill og úrkoma svo sem jafnan er venja um dragár“²⁵.

Minjalýsing Hleðslurnar er að finna beggja megin lækjar og hafa

verið undirstöður brúar sem nú er horfin. Hleðslurnar eru um 2 m á breidd og um 1,60 m á hæð, beggja megin.

Hættumat: Mikil hætta. Fer undir skeringar.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Minnka skeringar. Merkja.

1869-43**Hlutverk:** Naust**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 321217 N 616879

Staðhættir: Þar er bærinn Uppsalir stóð fyrrum er í dag sumarhús. Við ströndina

neðan við þar sem bærinn stóð og neðan við núverandi þjóðveg má greina leifar af

gömlum naustum. Í blaðaviðtali frá árinu 1979 segir: „Þegar vegagerðin fór með veginn inneftir tóku



Mynd 30. Leifar af brú sem var fyrrum yfir Uppsalaá.



Mynd 31. Sjá má vegg í grasinu þar sem naustin hafa staðið framman við er rudd vör.

²⁵ Örnefnaskrá Uppsalir 6

þeir í sundur girðinguna og túngarðinn og neita að bæta fyrir það. Niður undan bænum voru 8 handunnar bátavarir og þar var ýta sett yfir og allt eyðilagt í einu vetfangi. Á Uppsalaeyri var fallega hlaðið hús úr múrsteini og það þurftu þeir endilega að eyðileggja með því að hrinda því niður af leik.”²⁶

Minjalýsing: Hægt er að greina dældir þar sem naust hafa verið en þau hafa orðið fyrir einhverjum skemmdum hugsanlega vegna vegagerðar þar sem fyrrum var oft náð í grjót í uppfyllingar í vegi í gamlar rústir. Framan við leifar þess er virðast vera naust er rudd vör sem eykur líkur á að þarna hafi verið naust. Hægt er að greina þrjá veggj þarna og líklegt að þar hafi verið a.m.k þrjú naust hlið við hlið hugsanlega fleiri.

1869-44

Hlutverk: Lending

Tegund: Rudd vör

Staðsetning: A321239 N 616869

Staðhættir: Beint framan við leifarnar af naustunum [43] er rudd vör.



Mynd 32. Rudd vör beint framan af naustunum.

Hættumat: Lítil hættu.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Minnka skeringar. Merkja.

1869-45

Hlutverk: Óþekkt/naust?

Tegund: Hleðslur

Staðsetning: A321203 N 616883

Staðhættir: Rétt aftan við naustin [43] er mikið af

grjóti, timbri og járnarusli. Í blaðaviðtali frá árinu 1979 segir: „Þegar vegagerðin fór með veginn



Mynd 33. Grjót sem greinilega hefur tilheyrt byggingum er ofan við veggjabort naustana [38] þarna er einnig að finna timbur og járn sem gætu verið leifar af mannvirki.

²⁶ Þjóðviljinn 25. Febrúar 1979 „Á ég að segja þér fréttir?“,

inneftir tóku þeir í sundur girðinguna og túngarðinn og neita að bæta fyrir það. Niður undan bænum voru 8 handunnar bátavarir og þar var ýta sett yfir og allt eyðilagt í einu vetfangi²⁷.

Minjalýsing: Greinilegt er að þarna hefur staðið eitthvað mannvirki sem nú er útflatt. Svæðið var mælt inn þar sem ekki er hægt að greina neinn strúktúr þarna. Mögulega er þetta leifar af þeim naustum sem skemmd voru þegar vegurinn var lagður á áttunda áratug síðustu aldar.

Hættumat: Mikil hætta.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

Minni Hattardalur

Saga

Árið 1710 er Minni Hattardalur 12 hundraða jörð og eigandinn er kóngsins Majestat. Þá eru tveir ábúendur í Minni Hattardal en Hattardalur Meiri hefur þá verið í eyði síðan um bólu²⁸. Skógur er nægur í Minni Hattardal árið 1710 en ekki til raftviðar²⁹. Árið 1854 skrifar prestur Ögur og Eyrarsóknar Sr. Magnús Þórðarson, að Hattardalur Minni sé 12 hundraða jörð og hefur þá enn nægan skóg en Hattardalur Meiri er þá komin aftur í byggð og er 18 hundraða jörð³⁰.

1869-46

Sérheiti: Helgustekkur

Hlutverk: Fjarrétt

Tegund: Rétt

Staðsetning: A 315607 N 613772



Mynd 34. Fjarréttin, tekið af klettinum sem er veggurinn á móti.


²⁷ Þjóðviljinn 25. Febrúar 1979 „Á ég að segja þér fréttir?“

²⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín 1945:178-79

²⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín 1945:178-79

³⁰ Sýslu og Sóknarlýsingar Vestfjarða II. 1952:133

Staðhættir: Þegar keyrt er frá Súðavík inn Álftafjörð og keyrt hefur verið út úr fjarðarbotninum kemur kröpp beygja á veginn þar beint niður undan við sjóinn er fjárrétt. Í örnefnaskrá Minni Hattardals segir: „Skammt þar innar er klettur nokkur sem er skammt frá sjólínu og hlaðinn grjóttveggur á þrjá vegu frá hamrinum og hlið þar á, þetta var fjárrétt. Á hverju ári var féð rúíð hér og smalað saman og rekið í réttina.



Teikning 14. Innmæling af réttinni við klettinn.

Þessi rétt nefnist Helgustekkur, en því miður þekki ég enga sögu þar um og hver þessi helaga hafi verið, kannski huldukona?“.

Minjalýsing: Réttin er eins og segir í örnefnaskrá hlaðin við stóran klett rétt neðan við Þjóðvegin. Kletturinn myndar eina af langhliðum hennar en hún er opin til suðurs. Réttinn er 10 m á lengd og 5 m á breidd. Hæstar eru hleðslunnar 120 m á hæð og breidd veggjanna er 2m.

Hættumat : Lítil hætta. Er nálægt, en neðan við kletta sem vegur verður á.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-47

Hlutverk: Naust

Tegund: Rúst

Staðsetning: A315679 N613821

Staðhættir: Í örnefnaskrá Minni Hattardals segir: „Við göngum nú vestanvert við nesið og inn með firðinum. Þeim megin við nesið er malar kambur eða sjávarkambur með holta gróðri. Hér hafa greinilega verið uppsátur báta á fleiri enn einum stað því þar má sjá ruddar varir og tóftarbrot.“



Mynd 35. Sjór hefur skemmt mikið af þessu nausti.

Minjalýsing: Naustið er mjög skemmt af ágangi sjávar þarna þó má greina hvar þar hefur verið og lögun þess. Mikið af grjóti hefur skolað burt úr naustinu og er hæð þeirra hleðslna sem enn sjást um 20 cm. Naustið hefur verið 5 m á breidd og 5 m á lengd. Sjór gengur greinilega reglulega inn í naustið.

Hættumat: Mikil hættu vegna framkvæmda og sjávarrofs.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-48

Hlutverk: Naust

Tegund: Rúst

Staðsetning: A315708 N 613840

Staðhættir: Um 19 m norð austur af nausti [47] er annað og greinilegra naust.

Minjalýsing: Naustið er hlaðið úr grjóti og eru hleðslur hæstar um 1,20 m. Sjá má leifar af bátaspili sem notað hefur verið til að draga bát inn í naustið í enda þess. Naustið er 9 m á lengd og 6 m á breidd.

Hættumat: Mikil hættu vegna framkvæmda og sjávarrofs.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.



Mynd 36. Naustið er nokkuð heilt og sjá má viðarbút sem er hluti af spili sem notað hefur verið til að draga bát inn í naustið.

1869-49

Hlutverk: Óþekkt/sjóbúð?

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A315722 N 613849

Staðhættir: Við hliðina á nausti [48] er hleðsla sem snýr þvert á naustin.

Minjalýsing: Um er að ræða einn vegg sem er um 1 m á hæð og 1,5 m á breidd. Lengd hans er 8 m. Líklegt er að sjórinn sé búinn að taka allt nema þennan vegg sem eftir stendur rétt við þar sem sjórinn er að éta upp ströndina. Veggurinn er mjög gróinn en sér í hleðslur. Nokkuð er að grjóti við vegginn sem er líklega grjót sem er úr hinum




Mynd 37. Veggur sem eftir stendur af byggingu sem þarna hefur staðið áður.

veggnum. Mögulegt er að þetta hafi verið sjóbúið eða geymsluhús fyrir naustin. Ekki eru mörg ár þangað til sjórinn veður búinn að taka allar þessar minjar. [47.48.49].

Hættumat: Mikil hættu vegna framkvæmda og sjávarrofs.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.



Teikning 15. Innmæling af naustunum.

1869-50

Hlutverk: Lending

Tegund: Vör

Staðsetning: A 315688 N 613862

Staðhættir: Framan við naust [48] má sjá rudda vör þar sem bátar hafa komið að landi

Minjalýsing: Vörin er smá saman að fyllast en er samt enn greinanleg.

Hlutverk:

1869-51

Hlutverk: Lending

Tegund: Vör

Staðsetning: A 315712 N 613884

Staðhættir: Um 30 m norðaustur af lendingu [50] má sjá rudda vör þar sem bátar hafa komið að landi.

Minjalýsing: Vörin er smá saman að fyllast en má greina hana á loftmyndum.

1869-52

Hlutverk: Naust

Tegund: Rúst

Staðsetning: A315873 N613982

Staðhættir: Um 217 m norðaustur af naustum



[47] og [48] er smá tangi við ströndina svipaður þeim sem þau naust standa á. Þar er að finna tvö naust hlið við hlið. Greinilegt er að sjórinn brýtur hratt af landi þarna.

Mynd 38. Naustið er nokkuð gróið en þó greinilegt.

Minjalýsing: Annað naustið er mun greinilegra og er það í dag 6 m á lengd og 5 m á breidd. Hleðslur eru grónar en greinilegar. Sjórinn hefur nagað hluta af naustinu í burtu og er hleðslugrjót sem einu sinni hefur verið hluti af veggjum nú í fjörunni fyrir neðan. Greinilegt er að ekki er langt síðan sjórinn tók að brjóta naustið. Veggir eru um 1 m á hæð og eru um 1,5 m á breidd

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda og sjávarrofs.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

1869-53

Hlutverk: Naust

Tegund: Rúst

Staðsetning: A315881 N 613985

Staðhættir: Fast við hlið [52] er annað naust. Það naust er nokkuð illa farið því sjórinn er búinn að brjóta helming þess og skola í burtu.




Mynd 39. Naustið er að hverfa vegna sjávarrofs, grjótið framman við það var eitt sinn hluti af veggjum þess.

Minjalýsing: Það sem eftir er að naustinu er 5 m á lengd og 5 m á breidd. Naustið er nokkuð mikið yfirgróið og grjót úr veggjum þess liggja í fjörunni. Mikið hefur brotið af ströndinni þarna a.m.k 10 m.

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda og sjávarrofs.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.



Teikning 16. Innmæling af naustunum, eins og sést er sjór farin að taka af ströndinni og minjunum.

1869-54

Hlutverk: Rétt

Tegund: Rétt

Staðsetning: A316193 N 614285

Staðhættir: Á tanganum sem liggur milli Álftarfjarðar og ósa Hattadalsár er slétt flöt




Mynd 40. Fjarrétt alveg niður við ströndina í Álftafirði

niður við fjöru. Þar er ferhyrnd fjarrétt.

Minjalýsing: Réttin hefur verið hlaðin úr torfi og eru veggir frekar lágir og saman fallnir. Réttin er 10 m á breidd og 10 m á lengd og eru veggir um 40 cm hæst. Réttin er opinn til suðurs.

Hættumat: Hætta

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.



Teikning 17. Teikning af réttinni.

1869-55

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 316211 N 614353

Staðhættir: Yst á tanganum er fjánhús.

Minjalýsing: Fjánhúsið er 11 m á lengd og 8 m á breidd. Hleðslur eru grónar en greinilegar og í miðju

fjánhússins er garði eða jata eins og garðar nefnast á Vestfjörðum. Garðurinn er jafnframt grjóthlaðinn. Veggir eru um 1,2 m á hæð og um 1,5 m á breidd.



Mynd 41. Fjánhús með hlöðnum garða eða jötu.

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda og sjávarrofs.


Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja

1869-56

Hlutverk: Naust

Tegund: Rúst

Staðsetning: A321149 N 616707



Teikning 18. Fjánhús með garða.

Staðhættir: Um 38 m neðan við núverandi þjóðveg um Seyðisfjörð og 175 m suður af nausti [43] neðan við Uppsali er naust og framan við hana er rudd vör.

Minjalýsing: Naustið er gróið. Það er 10 m á lengd og 5 m á breidd.

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda og sjávarrofs.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Merkja.

UMRÆÐUR/NÍÐURSTÖÐUR

Við fornleifakönnunina voru skráðar 56 minjar. Nokkrar þeirra á jörðinni Kleifum voru utan 100 m frá veglínu en ekki þótti við hæfi að slíta þær frá þar sem þær eru hluti af minjaheild.

Eiði

Tvær minjar eru innan 100 m frá veglínu við bæinn Eiði og mikilvægt er að merkja þær á meðan framkvæmd stendur. Sama er að segja um túngarð við Fjarðarhorn. Allar minjar við bæinn Kleifa í Seyðisfirði voru skráðar og þar þarf að merkja sumar þeirra (tafla 1).

Kleifar

Vegurinn og vegskeringar fara yfir þrjár minjar við fjöruna neðan við Þjóðveginn þar sem hann liggur framhjá Kleifum. Á þessum stað þarf að kanna eðli og umfang þeirra minja sem að öllum líkindum eru naust og mögulega sjóbúðir. Þessar minjar eru númer [16,17,18].

Uppsalaeyri

Við landi jarðarinnar Uppsala er eyri sem nefnist Uppsalaeyri þar stóð hvalveiðistöð Norðmanna frá árinu 1894 og fram undir aldamótin 1900 þegar hvöllum hafði svo mikið fækkað við Ísafjarðardjúp að Norðmenn færðu sig um set austur á land³¹. Þó að minjarnar á Uppsalaeyri séu ekki mjög fornar og bæði heimildir og ljósmyndir til af stöðinni eru þær merkilegur hluti af sögu landsins þar sem hvergi annars staðar nema á Vestfjörðum og Austfjörðum er að finna minjar um erlenda stóriðju³². Árið 2015 fór fram rannsókn á vegum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum á hvalveiðum Norðmanna við Vestfirði á 19. öld³³. Þar var gerð fornleifakönnun bæði í sjó og landi á þessum stöðum sem Norðmenn verkuðu hvali á Vestfjörðum. Við rannsóknina kom í ljós að bæði er að finna minjar um þessar hvalveiðistöðvar á landi sem og í sjó. Í lok þeirrar rannsóknar segir: „Minjar um hvalveiðar erlendra manna á Vestfjörðum eru einstakar í íslensku samhengi og að auki hafa þær alþjóðlegt minjagildi sem er ekki algengt á Íslandi“. ³⁴ Ljóst er að minjar á Uppsalaeyri eru í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Mikilvægt er að þessar minjar fái að vera óáreittar þar sem þær eru einstakar og hluti af minjaheild. Hægt er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum með því að merkja þær mjög vel á meðan á framkvæmdum stendur en jafnframt þarf að minnka skeringar á tveimur stöðum til þess að minjar fari ekki undir við framkvæmdir. Þær minjar sem skemmast við framkvæmdir verða ekki gerðar breytingar á vegskeringum eru númer [28,39,40,42]. Eindregið er lagt til að vegskeringum verði breytt til að forða því að minjar verði slitnar úr samhengi með könnunar skuðum eða uppgreftri.

³¹ Ragnar Edvardsson Gylfi Björn Helgason og Alexandra Tyas. 2015:4-5

³² Ragnar Edvardsson Gylfi Björn Helgason og Alexandra Tyas. 2015:21

³³ Ragnar Edvardsson Gylfi Björn Helgason og Alexandra Tyas. 2015

³⁴ Ragnar Edvardsson Gylfi Björn Helgason og Alexandra Tyas. 2015:23

Uppsalir

Framan við jörðina Uppsali eru naust og leifar nausta sem líklega var rutt út við vegagerða á áttunda áratug síðustu aldar. Hægt er að greina í sjávarmáli ruddar varir sem hafa verið framan við naust sem nú eru horfin.

Merkja þarf þessi naust til að koma í veg fyrir skemmdir.

Minni Hattardalur

Í landi Minni Hattardals í Álftafirði voru skráðar 10 minjar. Allar þær minjar er hægt að merkja á meðan á framkvæmdum standur. Ein fornleif [46] er í metrum talið mjög nálægt en hún stendur fyrir neðan klett og ætti ekki að vera í hættu viti framkvæmdaraðilar að henni og hún sé merkt.

Niðurstöður

Þær minjar sem eru í mestri hættu og þurfa frekari rannsóknir eru naustin framan við Kleifa og svo nokkrar minjar á Uppsalaeyri sem mögulega er hægt að bjarga með því að draga úr vegskeringum. Mjög mikilvægt er að þær minjar sem eru nálægt framkvæmd séu merktar eins og sést í töflu 1.

Tafla 1. Minjar á framkvæmdarsvæðinu.

Jörð	Númer minja	Tegund	Fjarlægð frá veglínu	Fjarlægð frá skeringum	Hættumat	Tillaga að mótvægisáðgerðum	Kort nr.
Eiði	1869-1	Rétt	38	20	Mikil hætta	Merkja	1
Eiði	1869-2	Túngarður	45	26	Mikil hætta	Merkja	1
Fjarðarhorn	1869-3	Túngarður	70	34	Lítill hætta		1
Kleifar	1869-4	Bæjarhóll	71	84	Lítill hætta		2
Kleifar	1869-5	Bæjarhóll	165	171	Engin hætta		2
Kleifar	1869-6	Fjós	161	147	Engin hætta		2
Kleifar	1869-7	Vegur	158	149	Engin hætta		2
Kleifar	1869-8	Rúst	159	152	Engin hætta		2
Kleifar	1869-9	Vegur	74	52	Lítill hætta	Merkja	2
Kleifar	1869-10	Nátthagi	214	202	Engin hætta		2
Kleifar	1869-11	Rúst/hesthús	74	52	Lítill hætta		2
Kleifar	1869-12	Rúst/smiðja	98	77	Lítill hætta		2
Kleifar	1869-13	Rúst/útihús	133	114	Engin hætta		2
Kleifar	1869-14	Rúst/útihús	113	94	Engin hætta		2
Kleifar	1869-15	Rúst/útihús	50	38	Lítill hætta	Merkja	2

Jörð	Númer minja	Tegund	Fjarlægð frá veglinu	Fjarlægð frá skeringum	Hættumat	Tillaga að mótvægisáðgerðum	Kort nr.
Kleifar	1869-16	Naust	11	0	Mikil hætta	Grafa	2
Kleifar	1869-17	Rúst	7	0	Mikil hætta	Grafa	2
Kleifar	1869-18	Rúst	8	0	Mikil hætta	Grafa	2
Kleifar	1869-19	Vör	29	14	Lítill hætta		2
Kleifar	1869-20	Vör	29	14	Lítill hætta		2
Kleifar	1869-21	Túngarður	117	96	Lítill hætta		2
Uppsalir	1869-22	Vegur	13	9	Mikil hætta	Leyfi til að hylja	Teikning 10
Uppsalaeyri	1869-23	Grunnur/rúst	11	21	Mikil hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-24	Grunnur/rúst	33	27	Mikil hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-25	Rétt	24	14	Mikil hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-26	Garðlag	45	6	Mikil hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-27	Rúst	64	29	Mikil hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-28	Vegur	28	0	Mikil hætta		3
Uppsalaeyri	1869-29	Niðurgröftur	38	6	Mikil hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-30	Niðurgröftur	49	15	Mikil hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-31	Gunnur/hleðsla	40	10	Mikil hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-32	Gunnur/hleðsla	32	9	Mikil hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-33	Gunnur/hleðsla	66	31	Mikil hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-34	Hleðsla	79	59	Hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-35	Heimild/pallur	61	37	Hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-36	Hleðsla	92	72	Hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-37	Bryggja	58	15	Mikil hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-38	Hús	46	4	Mikil hætta		3
Uppsalaeyri	1869-39	Grunnur/rúst	48	0	Mikil hætta		3
Uppsalaeyri	1869-40	Grunnur/rúst	33	0	Mikil hætta		3
Uppsalaeyri	1869-41	Grunnur/rúst	97	67	Lítill hætta	Merkja	3
Uppsalaeyri	1869-42	Brú	28	0	Mikil hætta		3
Uppsalir	1869-43	Naust	40	29	Hætta	Merkja	4
Uppsalir	1869-44	Lending/Vör	68	51	Hætta	Merkja	4
Uppsalir	1869-45	Hleðsla/naust	20	16	Mikil hætta	Merkja	4
Minni Hattardalur	1869-46	Fjarrétt	21	3	Hætta	Merkja	5
Minni Hattardalur	1869-47	Naust	27	18	Mikil hætta	Merkja	5
Minni Hattardalur	1869-48	Naust	30	19	Mikil hætta	Merkja	5
Minni Hattardalur	1869-49	Hleðsla	37	25	Mikil hætta	Merkja	5

Jörð	Númer minja	Tegund	Fjarlægð frá veglínu	Fjarlægð frá skeringum	Hættumat	Tillaga að mótvægisáðgerðum	Kort nr.
Minni Hattardalur	1869-50	Lending/vör					5
Minni Hattardalur	1869-51	Lending /vör					5
Minni Hattardalur	1869-52	Naust	36	20	Mikil hætta	Merkja	5
Minni Hattardalur	1869-53	Naust	36	20	Mikil hætta	Merkja	5
Minni Hattardalur	1869-54	Fjarrétt	31	22	Hætta	Merkja	6
Minni Hattardalur	1869-55	Fjárhús	80	68	Hætta	Merkja	6
Minni Hattardalur	1869-56	Naust	62	35	Lítill hætta		4



Skýringar	
Fyrirhuguð vegflína	—
Kantur	—
Skering	—
Fylling	—
Öxl	—
Minjar	—

Fornleifakönnun vegna breytinga á Þjóðveginum um Djúp í Seyðisfirði og Álftafirði
 Náttúrustofa Vestfjarða/MH,HBA

Kort 1: Eiði og Fjarðarhorn
 Mælikvarði 1: 3500 Dags: 19.6.2017



Skýringar

Fyrirhuguð
veglína

— Kantur


— Skering

— Fylling

— Öxl

— Minjar







Skýringar
Fyrirhuguð
veglína

- Kantur
- Skering
- Fylling
- Öxl
- Minjar



Skýringar

- Fyrirhuguð veglína
- Kantur
- Skering
- Fylling
- Öxl
- Minjar



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA



Kort 5: Minni Hattardalur
Mælikvarði 1: 1500 Dags: 19.6.2017

Fornleifakönnun vegna breytinga á Þjóðveginum
um Djúp í Seyðisfirði og Álftafirði
Náttúrustofa Vestfjarða/MH,HBA

Skýringar

- Fyrirhuguð veglína
- Kantur
- Skering
- Fylling
- Öxl
- Minjar

55



54



Kort 6: Minni Hattardalur
Mælikvarði 1: 1000 Dags: 19.6.2017

Fornleifakönnun vegna breytinga á Þjóðveginum
um Djúp í Seyðisfirði og Álftafirði
Náttúrustofa Vestfjarða/MH,HBA

HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. II. bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. III. bindi (1896). Gefið út af hinu íslenska bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn 1909-1913.

Ragnar Edvardsson Gylfi Björn Helgason og Alexandra Tyas. 2015. *Hvalveiðar Norðmanna við Vestfirði á 19. Öld*. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum.

Sóknarlýsingar Vestfjarða II. 1952. Ísafjarðar og Strandasýslur. Samband Vestfízkra átthagafélaga. Reykjavík.

Tímarit .is *Ísafold 09.02.1901*.

Tímarit.is Þjóðviljinn 25. Febrúar 1979 „Á ég að segja þér fréttir?“.

Óútgefnar heimildir

Uppsaliir. Örnefni sagnir og landlýsing eftir sögn Kristjáns Rögnvaldssonar frá Uppsölum.

Örnefnaskrá Uppsaliir

Örnefnaskrá Eiði

Örnefnaskrá Kleifar

Örnefnaskrár Minni Hattardalur

Örnefnaskrá Fjarðarhorn